

Fundargerð 441. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2022, föstudaginn 21. janúar kl. 11:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Eydís Ásbjörnsdóttir, Guðmundur M Kristjánsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Magnús Þór Ásmundsson, Pétur Ólafsson, Rebekka Hilmarsdóttir, Alexandra Jóhannesdóttir, Björn Arnaldsson og Ólafur Þór Snorrason.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 440. fundar - 2102001HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 440. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 3. desember 2021.

Fundargerðin staðfest og verður undirrituð á næsta staðfundi.

Ólafur Snorrason kom inn á fundinn kl. 11:50.

2. Mengunarvarnarbúnaður hafna - 2111003HA

Sigríður Kristinsdóttir sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun kom inn á fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir málinu og svaraði spurningum stjórnarmanna.

3. Ósk um samstarf um upplýsingagjöf varðandi loftslagsmál - 2201001HA

Lagður fram tölvupóstur frá Umhverfisstofnun þar sem óskað er eftir samstarfi um upplýsingagjöf varðandi loftslagsmál.

Stjórn tekur jákvætt í verkefnið og felur formanni að vera tengiliður vegna þess.

4. Tólf hnútar verkefni - boð um þátttöku - 2112001HA

Lagt fram til kynningar verkefnið 12 Hnútar, sem Hafnasamband Íslands er aðili að, en Samgöngustofa er ábyrgðaraðili fyrir verkefninu sem snýr að því að auka meðvitund og umræðu um öryggismál sjómanna.

5. Umsögn um áform um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum - 2112002HA

Lögð fram til kynningar umsögn hafnasambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 17. desember 2021, um áform um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003.

6. Úttekt á gjaldskrárum hafna og þróun þeirra - 2201002HA

Formaður ræddi hugmynd um úttekt á stöðu gjaldskrármála og hvar íslenskra hafnir standa miðað við þróun og skipan þessara mála í nálægum löndum sem dæmi hvað varðar vörugjöld og gjaldflokkaskráning, bryggju- og viðlegugjöld, gjaldskráliði tengda umhverfisþáttum, leigugjöld fyrir búnað vegna rafvæðingar og tenginga og útselda vinnu við ýmis tilfallandi störf hafnarstarfsmanna.

Stjórn tekur jákvætt í að láta gera úttekt á þessum málum. Ákveðið að vinna málið áfram og taka upp á næsta stjórnarfundi.

7. Hafnasjóður Norðurlands mál nr. E-46-2020 - 2111002HA

Lagður fram að nýju dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra, Hafnasjóður Norðurlands gegn Gentle Giants-Hvalaferðum ehf., mál nr. E-46/2020. Formaður sagði frá stöðu mála en búið er að áfrýja dómnum.

8. Tekjur og gjöld hafnasjóða vegna fiskeldis - 2009008HA

Rebekka gerði grein fyrir stöðu mála í Vesturbyggð og upplýsti hún um að fyrirtaka vegna aflagjaldamálsins er á mánudaginn og reiknað er með að aðalmeðferð fari fram í apríl.

9. Frumvarp til laga um áhafnir skipa, 185. mál - óskað umsagnar - 2201003HA

Lagt fram erindi frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 20. janúar 2022, þar sem óskað er eftir umsögn hafnasambandsins um frumvarp til laga um áhafnir skipa, 185. mál.

Samþykkt að fela formanni og Bryndísi Gunnlaugsdóttur að ganga frá umsögn um málið.

Fundi var slitið kl. 13:30

Lúðvík Geirsson

Eydís Ásbjörnsdóttir

Guðmundur M Kristjánsson

Hanna Björg Konráðsdóttir

Magnús Þór Ásmundsson

Pétur Ólafsson

Rebekka Hilmarsdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir

Björn Arnaldsson

Ólafur Þór Snorrason

Valur Rafn Halldórsson